

**Sp.**

## **10. Tillaga til þingsályktunar**

[9. mál]

um eflingu iðnaðar á Vesturlandi.

Flm.: Alexander Stefánsson, Friðjón Þórðarson, Davíð Aðalsteinsson,  
Skúli Alexandersson, Eiður Guðnason, Jósef H. Þorgeirsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um gerð áætlunar um iðnþróun á Vesturlandi.

### **Greinargerð.**

Á 102. löggjafarþingi var mál þetta flutt af þingmönnum Davíð Aðalsteinssyni, 3. þm. Vesturlands, og Alexander Stefánssyni, 1. þm. Vesturlands. Flutti Davíð Aðalsteinsson framsögu um málið, sem vísað var til nefndar, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok.

Málið er nú flutt að nýju af öllum þingmönnum Vesturlands.

Hér er um þýðingarmikið mál að ræða sem varðar miklu um framtíð byggða á Vesturlandi. Flutningsmenn gera ráð fyrir að áætlun þessi verði jafnhliða stefnumótun ríkisvaldsins og heimamanna um æskilega framtíðarþróun atvinnulífs á Vesturlandi.

Horfur um þróun mannfjölda og mannafla annars vegar og þá ekki síður fyrir-sjáanlegar breytingar á atvinnuskiptingu hins vegar hafa grundvallarþýðingu fyrir mótun atvinnumálastefnu næstu ára. Framkvæmd slíkrar atvinnumálastefnu getur haft veruleg áhrif á byggð víðs vegar um landið næstu árin, enda ráðast fólksflutningar milli byggðasvæða að verulegu leyti af atvinnuástandi á hverju svæði. Með tillögu þeirri til þingsályktunar, sem hér er lögð fram, er annars vegar reynt að leggja áherslu á þátt iðnaðar í mótun atvinnumálastefnu næstu ára og hins vegar að tryggja Vesturlandi eðlilegan þátt í framkvæmd þeirrar stefnu.

Ýmsar ástæður má nefna fyrir þörfinni á eflingu iðnaðar á Vesturlandi. Þar ber hæst að hlutdeild Vesturlands í heildarfjölda landsmanna fer enn lækkandi, þótt verulega hafi dregið úr þeirri lækkun hin síðari ár í kjölfar uppbyggingar, m. a. í sjávarútvegi. Fjöldi íbúa í dreifbýli er þar hlutfallslega meiri en almennt gerist á landinu í heild og atvinnulíf er víðast hvar mjög einhæft. Á hinn bóginn eru ýmsar aðstæður fyrir hendi í landshlutanum sem gefa fyrirheit um fjölbætta iðnþróun, ef skipulega verður að málum staðið og stuðningur veittur til þess að stuðla að raunhæfum framkvæmdum. Þar má til nefna að Vesturland er í tiltölulega góðum samgöngutengslum við stærsta markað landsins, þar er stutt í meginorkuflutningslínur, og í landshlutanum er fyrir hendi nægur jarðvarmi sem auðveldlega mætti hagnýta. Af framansögðu má vera ljóst, að á Vesturlandi er bæði veruleg þörf á átaki í eflingu iðnaðar og ýmsar ákjósanlegar aðstæður fyrir hendi sem á mætti byggja.

Um nokkurt skeið hefur byggðadeild Framkvæmdastofnunar ríkisins unnið markvisst að gerð byggðapróunaráætlana fyrir einstök byggðasvæði á Vesturlandi. Eðlilegt væri að fela Framkvæmdastofnun gerð þeirrar áætlunar um þróun iðnaðar í landshlutanum sem hér er fjallað um, enda er þar um verkefni að ræða sem útfæra þyrfti í hinum almennu byggðapróunaráætlunum fyrir einstök byggðasvæði innan landshlutans. Enn sem fyrr verður að telja æskilegt að áætlunin verði unnin í nánú samráði og samvinnu við Samband sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi.